

**Ed.**

**160. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er eins konar viðauki við frv. til laga um að fella niður 17. gr. jarðræktarlaganna, sem fyrir skömmu var afgreitt frá deildinni (þskj. 127). Ég er algerlega andvígur því að nema úr lögum þau ákvæði, er miða að því að koma í veg fyrir óeðlilega verðhækjun jarða og mannvirkja á þeim, en að því stefna bæði þessi frumvörp.

Ég legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 15. nóv. 1945.

Haraldur Guðmundsson.